



Hafnarfjarðarkaupstaður

Anne Steinbrenner

Strandgötu 6

220 HAFNARFJÖRÐUR

Garðabær, 27.8.2025

Málsnúmer: 202507-0035

IAS

Efni: Nýtt deiliskipulag, Hellnahraun 4. áfangi.

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 17. júlí 2025 þar sem óskað er eftir umsögn frá Náttúrufræðistofnun um nýtt deiliskipulag fyrir Hellnahraun, 4. áfanga.

Svæðið er skilgreint sem athafnarsvæði í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Staðsetning er ákjósanleg fyrir atvinnusvæði þar sem það er staðsett skammt frá öðrum athafna- og iðnaðarsvæðum. Á svæðinu er að mestu leiti gert ráð fyrir léttum iðnaði sem ekki hefur í för með sér mengun, og annarri þjónustustarfsemi samkvæmt skilgreiningu skipulagsreglugerðar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið og meðfylgjandi gögn og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Eins og fram kemur í umhverfisskýrslu er svæðið allt á nútímahraunum, sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013), og ber að forðast að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Hrauninu hefur verið raskað að einhverju leyti en mestur hlutinn er engu að síður óraskaður og er eitthvað um rishóla inn deiliskipulagssvæðisins. Vistgerðir á skipulagssvæðinu eru samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar aðallega mosahraunavist og lynchraunavist en einnig nær birkiskógur sem er sunnan við svæðið aðeins inn á suðaustasta hluta skipulagssvæðisins.

Fram kemur að: „Veruleg röskun verður á jarðvegi/hrauni en það er brýn nauðsyn að bærinn bjóði upp á nýjar atvinnulóðir, ekki einungis til að laða að ný fyrirtæki heldur einnig til að tryggja áframhaldandi starfsemi þeirra fyrirtækja sem þurfa að víkja af þróunarsvæðum sem eru að breytast í íbúðasvæði, líkt og á Hrauni Vestri og við gamla höfnina.“

Að mati Náttúrufræðistofnunar er mikilvægt að nútímahrauni verði ekki raskað utan við skipulagssvæðið og að ef farið verður í hljóðmanir þá verði efni í þær ekki sótt í óraskað hraun út fyrir svæðið og að reynt verði að hlífa rishólum innan svæðisins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur